



**Ávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
við setningu ráðstefnunnar  
„Röddin sem atvinnutæki“  
Félag talkennara og talmeinafræðinga  
31. október 2003**

Heiðruðu ráðstefnugestir  
Ladies and Gentlemen

Það er vel til fundið að efna til ráðstefnu um röddina sem atvinnutæki og vekja þannig athygli á mikilvægum þætti í gangverki samfélagsins sem orðið hefur sífellt áhrifaríkari þáttur í upplifun okkar, skilningi, samræðum, þekkingu og félagsmótun.

Við lifum á tímum sem skipað hafa hinu talaða máli í öndvegi og æ fleiri starfsgreinar leggja nú áherslu á mælt mál, túlkun og framsögn, fyrirlestra og málflutning, nauðsyn þess að ydda orð sín til að sannfæra aðra um ágæti athafna á tilteknum sviðum.

Þegar afar okkar og ömmur voru að alast upp var þessu öðru vísi farið, miðlunin var að mestu með lestri blaða og tímarita, útvarpið var ekki komið á vettvang; fundir sjaldgæf skemmtun; regluleg kirkjusókn helsta tækifærið til að hlýða á talað orð; skólaganga hjá mörgum stopul og skammvinn.

Ég minnst þess úr vestfirsku sjávarþorpi þar sem ég ólst upp í nokkur ár að presturinn, skólastjórinn og hinn athafnasami kaupfélagsstjóri voru nánast þeir einu sem jafnan létu í sér heyra og þegar hinir ungu áttu erfitt um mál var nánast ekkert í því gert.

Það var raunin þegar í ljós kom að ég fór að stama talsvert á fyrstu árum skólagöngu og glímdi lengi við þann vanda; veit raunar ekki þegar ég lít til baka hvenær eða hvernig mér tókst að sigrast á þessum erfiðleikum því á þeim árum var engi hjálp að fá í skólakerfi og engir sérfræðingar á vettvangi vestra.

Í þeim efnum hefur svo sannarlega orðið bragarbót og nú eigum við völ á mörgum leiðum; úrvalsfólk til reiðu þegar leitað er hjálpar. Því hef ég einnig kynnst svo að ég haldi áfram að rekja eigin reynslusögur því hér er í salnum ágætisfólk sem kom til bjargar þegar ég á árum áður sprengdi jafnan röddina vegna álags á kosningafundum, kappræðum í vélasölum, viðleitni til að láta í sér heyra þrátt fyrir skvaldur og hávaða í mötuneytum.

The voice has become an important resource in a wide and growing number of fields. Business has been revolutionised; today, people from all areas of management need to be able to make clear and convincing presentations of their cases. The educational system is becoming increasingly complex with the new universities that have entered the picture in recent years, and I have always been surprised by the lack of requirements for training or skills in delivering spoken presentations, even though teaching often involves addressing a lecture theatre with an audience of hundreds; university teaching requirements are still only based on written work and dissertations that grant higher degrees. Television and radio are gaining prominence in the media and news reporting, and social currents and conflicts are perceived by thousands of households today primarily through spoken language. Previously, newspaper editors led public debate. Today it is television stars and broadcasters.

Another radical transformation has been the boom in organizations, societies and clubs where the spoken word is the main medium of communication. Most professions give increasing emphasis to a working culture and training in which the voice plays a vital role.

All this makes it important to enhance awareness of the way that spoken skills can boost the contribution that we make in the

workplace, can create greater job satisfaction and promote positive results and responsibility.

Við þurfum einnig að styrkja fræðslu og þjálfun í skólum landsins, hjálpa þeim sem ungir lenda í erfiðleikum, opna þeim leiðir til að verða fullgildir þátttakendur í þjóðfélaginu. Þar hafa vissulega á síðari árum verið stigin mörg framfaraskref en betur má ef duga skal og við verðum umfram allt að kappkosta að börn og unglingar bíði ekki tjón á sálu sinni vegna erfiðleika í tali og raddbeitingu. Við höfum líka sem betur fer náð lengra á þeirri braut að gefa mállausum tækifæri til jafns við aðra og viðurkenna í verki rétt þeirra til þátttöku og forystustarfa á öllum sviðum samfélagsins.

Í þessu viðtæka umbótastarfi hafa talkennarar, talmeinafræðingar, lækningar og annað sérhæft starfsfólk skilað frábæru verki og ég vil við þetta tækifæri þakka einstakt framlag ykkar. Þið hafið ekki aðeins komið mörgum til hjálpar heldur einnig aukið skilning og samkennd okkar allra, gert samfélag okkar víðsýnna og skilningsríkara, skapað bjartsýni og von þar sem áður voru einkum erfiðleikar. Framganga ykkar hefur verið samfélagslegt umbótastarf og ég vona að þið haldið ótrauð áfram á þeirri braut.

Í þeim anda fagna ég öllum sem hér eru saman komnir og lýsi því yfir að ráðstefnan „Röddin sem atvinnutæki“ er hér með sett.